

Reglur Júpíters rekstrarfélags hf. vegna sjóðsdeilda Eignastýringarleiða

1. gr.

Heiti sjóðsins

Heiti sjóðsins er Eignastýringarleiðir. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Júpíter rekstrarfélag hf., kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

2. gr.

Deildaskipting sjóðsins

Eignastýringarleiðir er deildaskiptur sjóður og starfar í sjóðsdeildum sem hafa aðskilinn fjárhag og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild er aðgreind sérstaklega í bókhaldi og í upplýsingakerfum Júpíters rekstrarfélags hf. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

Júpíter rekstrarfélag hf. gefur út hlutdeildarskírteini til þeirra sem þess óska eða aðrar staðfestingar á tilkalli til hlutdeildar að viðkomandi sjóðsdeild. Allir sem eiga hlutdeild að sjóðsdeildum Eignastýringarleiða eiga sama rétt til tekna og eigna viðkomandi sjóðsdeildar í hlutfalli við eign sína.

Júpíter rekstrarfélag hf. heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteinishafa. Í skránni er kveðið á um: nafn og kennitölu eiganda, söludag skírteinis, nafnverð skírteinis, heildarfjöldi útistandandi skírteina, sbr. 25. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðsdeildir Eignastýringarleiða eru nú:

- a) Eignaleið I – Skuldabréfasafn, kt. 630713-9940
- b) Eignaleið II – Varfærið safn, kt. 630713-9860
- c) Eignaleið III – Blandað safn, kt. 630713-9780
- d) Eignaleið IV – Vaxtarsafn, kt. 590516-9610
- e) Eignaleið V – Hlutabréfasafn, kt. 630713-9510

3. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins

Júpíter rekstrarfélag hf. hefur afmarkað fjárfestingar Eignastýringarleiða og einstakra sjóðsdeilda hans. Fjárfestingarstefnur einstakra sjóðsdeilda fela í sér þær áherslur sem stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum þeirra. Allar sjóðsdeildirnar eru uppsöfnunarsjóðir.

Fjárfestingarstefna einstakra sjóðsdeilda er eftirfarandi:

(A) Eignaleið I – Skuldabréfasafn

Fjárfestingarmarkmið Eignaleiðar I – Skuldabréfasafns er að auka verðmæti eigenda sjóðsins á virkan hátt með fjárfestingum í skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Jafnframt hefur sjóðsdeildin heimild til að fjárfesta í öðrum innlendum skuldabréfum og innlánum fjármálafyrirtækja. Fjárfestingar sjóðsins eru í verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóðum auk stökum verðbréfum. Nánari sundurliðun fjárfestinga er í töflu hér að neðan.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% af eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í fjárfestingarsjóðum.

Þá er sjóðnum heimilt, skv. b-lið, 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, að binda allt að 30% eigna sinna í innlánum fjármálafyrirtækja.

Í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, er kveðið á um hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laga nr. 128/2011 er sjóðsdeildinni ekki heimilt að nýta. Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 90% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsskjöllum skv. 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011. Í slíkum tilvikum skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

Þegar eign sjóðsins í slíkum bréfum nemur allt að 35% nýtir sjóðurinn sér heimildir 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er óheimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa og Fjármálaeftirlitið hafi veitt slíka tímabundna heimild. Slíkar eignir mega ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðnum er óheimilt að fjárfesta í afleiðum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.